

## Sveitastjórn Djúpavogshrepps.

Bakka 1  
765 Djúpavogi

28. ágúst 2020

### Áskorun um úrbætur til sveitastjórnar

Foreldrafélag grunnskóla Djúpavogs óskar hér með eftir upplýsingum varðandi áform um uppbyggingu útivistar- og leiksvæðis í þéttbýli Djúpavogshrepps.

Foreldrafélag Djúpavogsskóla lýsir yfir áhyggjum sínum vegna skorts á leik- og útivistarsvæðum í bænum og óskar eftir úrbótum í þeim málum.

Foreldrafélagið fékk árið 2018 munnlegt vilyrði sveitastjóra um staðsetningu á rólum, sem keyptar voru vorið 2019, við svokallaðan þríhyrning við Neistavöllinn.

Eftir fund með sveitastjóra 2018 var það skilningur formanns foreldrafélagsins á sínum tíma að greiða ætti leiðina fyrir þessu framtaki og ekki væri von á neinum töfum stjórnarsýslu megin.

Munnlegur samningur var gerður á þessum fundi um að foreldrafélagið stæði undir kaupum á umræddum rólum og sveitafélagið myndi koma þeim fyrir á umræddan þríhyrning.

Í byrjun skólaárs 2019-2020 ræddu aðilar úr foreldrafélaginu við sveitastjóra og átti rólu uppsetningin að vera í ferli.

Núna, 28. Ágúst 2020 eru enn engar rólur komnar upp.

Það er með öllu ólíðandi að börnin sem stóðu að söfnun fyrir umræddum rólum árin 2018-2019 fái ekki að njóta afraksturs erfiðis síns.

Það hefur verið skilningur stjórnar foreldrafélagsins og margra íbúa Djúpavogshrepps að þríhyrningurinn sé ætlaður til þess að byggja upp leik- og útivistarsvæði.

Ef þetta er ekki skipulagt leik- og útivistarsvæði eins og margir hafa staðið í meiningu um förum við hér með fram á að fá svör um hvar er svæði í þéttbýli Djúpavogshrepps þar sem hægt er að byggja upp leik- og útivistarsvæði og framtaksgleði íbúa fær að njóta sín.

Foreldrafélagið, sem allir foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6-16 ára í Djúpavogshreppi eru aðilar að, krefjast svara um framtíðaráform sveitafélagsins í þessum málum og lýsa yfir óánægju yfir því hvernig hefur verið staðið að þessu og gagnrýnir harðlega seinagang í skipulagsmálum og getuleysi í framkvæmdum.

Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir því að unnið verði hratt og örugglega að skipulagninu svæðis þar sem fyrirtæki, félög og íbúar Djúpavogshrepps geta byggt upp leik- og útivistarsvæði til framtíðar.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Djúpavogs skóla

Ágústa Margrét Arnardóttir